

## 8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 208/1979 með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1989.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Ágústa Helga Sigurðardóttir.*

## SAMÞYKKT

### um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Búlandshreppi í S-Múlasýslu.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Búlandshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Búlandshreppi eftir því sem segir nánar í samþykkt þessari.

## 2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins. Við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds skal miðað við lofthæð 3.30 m að innanmáli í atvinnuhúsnæði en 2.70 m í íbúðarhúsnæði nema uppdráttur sýni minna.

## 3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús . . . . .	3,0%
Fjölbýlishús, tvíbýlishús og raðhús . . . . .	2,0%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði . . . . .	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði . . . . .	1,0%
Opinberar byggingar . . . . .	3,0%
Gripahús . . . . .	1,0%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsalóðum . . . . .	1,0%
Annað húsnæði . . . . .	2,0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m<sup>3</sup>. Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 100.00 af hverjum fermetra lóðar. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

## 4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. skulu breytast til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu gefinni út af Hagstofu Íslands.

## 5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig: 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldtagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skal vera samkvæmt kjörum Bygðasjóðs í samræmi við kjör þau er hann veitir lán til varanlegrar gatnagerðar.

## 6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

## 7. gr.

Skuldabréfin sem gefin kunna að vera út vegna gatnagerðargjalda skulu vera með veði í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

## 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða. Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld eða á annan hátt skipt um eiganda skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr.398 frá 4. september 1975 um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Búlandshreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

## 1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu frá 1. september n.k. að telja hækka um 3,8% frá því sem þær eru í ágústmánuði 1989.

## 2. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í septembermánuði 1989 samkvæmt 19. grein laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í eitt skipti fyrir öll.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. ágúst 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*